

## RITSTJÓRNIN

## HVAÐ ÁTTU VIÐ?

Í fyrsta tölublaði Gáttar hófum við umræðuna um merkingu íðorða á sviði fullorðinsfræðslu. Enn munum við velta fyrir okkur nokkrum hugtökum sem varða viðfangsefni Fræðslu- miðstöðvar atvinnulífsins. FA gegnir því hlutverki að vera vettvangur samstarfs og umræðu um framhaldsfræðslu og kennslufræði fullorðinna. Við sem þar störfum finnum þörf fyrir að hugtök, sem notuð eru í umræðu um fræðslumál fullorðinna, séu skýrt skilgreind. Því er fastur þáttur hér í ársritinu Gátt að fjalla um slík hugtök með það að markmiði að koma af stað umræðum og ná samkomulagi um heppilega og samræmda notkun þeirra íðorða sem notuð eru um hugtökin.

Nú tökum við upp þráðinn þar sem frá var horfið í síðasta tölublaði. Eins og áður eru sett fram ensk íðorð og tillögur að

íslenskum þýðingum og skilgreiningum. Öll íðorðin, utan það fyrsta, eru af CEDEFOP-listanum sem fjallað hefur verið um í Gátt 2009 og 2010. Listinn er einkum ætlaður fræðimönnum og öðrum sem fást við menntun og mótun menntastefnu. Hann er ekki tæmandi skrá hugtaka sem eru notuð af sérfræðingum heldur er honum ætlað að innihalda lykilhugtök sem eru nauðsynleg til þess að bera skynbragð á menntun og þjálfun í Evrópu. Fyrsta orðið í listanum er skilgreint í lögum um framhaldsfræðslu sem gengu í gildi 1. október 2010. Ritstjórn Gáttar er meðvituð um að allri hugtakaumfjöllun þurfi að fylgja eftir með því að fá áhugasama til að tjá sig um skilgreiningarnar og gera í kjölfarið úrbætur. Við hvetjum lesendur til þess að hafa samband við okkur ef þið viljið gera athugasemdir við merkingu íðorðanna.

Íðorð á ensku	Íslensk þýðing:	Merking / skilgreining:
	<b>framhaldsfræðsla</b>	Hvers konar nám, úrræði og ráðgjöf sem er ætlað að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki og er ekki skipulagt á grundvelli laga um framhaldsskóla eða háskóla.
<b>e. assessment of learning outcomes</b>	<b>námsmat</b>	Hvatning til þátttöku og árangurs í (formlegu eða óformlegu) námi til þess að efla skilning á eðlislægu gildi náms og til að umbuna fyrir námsárangur.
<b>e. basic information and communication technology (ICT) skills</b>	<b>grunnleikni í upplýsinga- og samskipta-tækni</b>	Sú leikni sem þarf til að beita á skilvirkan hátt einföldum aðgerðum í upplýsinga- og samskiptatækni (í meginatriðum: orð / mynd / gagnavinnsla, netið og tölvu-póstur).
<b>e. comparability of qualifications</b>	<b>sambærileiki hæfis</b>	Mælikvarði á að hvaða marki jafngildi sé fyrir hendi varðandi stig og inntak hæfis (skírteina eða námstitla) innan atvinnugeira eða svæðis, á landsvísu eða á alþjóða-vettvangi.
<b>e. compensatory learning</b>	<b>uppbótarnám</b>	Nám sem ætlað er að fylla upp í skörð í fyrri menntun eða þjálfun, einkum til að gera fólki fært að taka þátt í starfsnámi.
<b>e. employability</b>	<b>starfshæfni</b>	Allir þeir þættir sem gera fólki kleift að vinna að því að undirbúa sig undir starf, fá starf, halda starfi og auka starfsframa sinn.
<b>e. learning community</b>	<b>námssamfélag</b>	Samfélag sem eflir námsmenningu með því að þróa á hverjum stað skilvirkt samstarf milli allra geira samfélagsins og styrkir jafnframt og örvar einstaklinga og samtök til náms.
<b>e mobility</b>	<b>hreyfanleiki</b>	Geta einstaklings til að hefja ný störf og aðlagast nýju starfsumhverfi.
<b>e. adaptability</b>	<b>aðlögunarhæfni</b>	Geta stofnunar eða einstaklings til að laga sig að nýrri tækni, nýjum markaðs- aðstæðum eða nýju starfsfyrirkomulagi.